

## 2. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

haldinn í félagsheimilinu Tíbrá 25. júlí 2018 kl. 18:00.

**Mætt eru:** Viktor S. Pálsson formaður, Hjalti Þorvarðarson og Sigrún Hreiðarsdóttir ásamt Gissuri Jónssyni framkvæmdastjóra.

**Forföll boðuðu:** Dýrfinna Sigurjónsdóttir og Sverrir Einarsson.



### 1. Keppnistímabil handknattleiksdeildar Umf. Selfoss

Þórir Haraldsson formaður, Sandra Dís Hafþórsdóttir gjaldkeri og Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson framkvæmdastjóri handknattleiksdeildar Selfoss fóru yfir verkefni deildarinnar, fjárhagsstöðu að loknu seinasta keppnistímabili og fleiri þætti m.t.t. komandi keppnistímabils.

Eftir góðan árangur meistaraflokks karla á seinasta keppnistímabili bauðst félaginu að taka þátt í Evrópukeppni á komandi keppnistímabili. Í ljósi þeirra breyttu aðstæðna var nauðsynlegt að endurskoða áður samþykktu fjárhagsáætlun deildarinnar sem stjórn deildarinnar gerði áður en tekin var ákvörðun um þátttöku. Formaður deildarinnar fór yfir endurskoðaða áætlun. Stjórn deildarinnar hefur einnig lagt mikla vinnu í að afla aukinna styrkja til reksturs deildarinnar. Var framkvæmdastjóra og gjaldkera falið að skila gögnum varðandi fyrirliggjandi tekjur til framkvæmdastjórnar fyrir nk. mánaðarmót. Formaður Umf. Selfoss lagði mikla áherslu á að bókhaldsgögn skili sér strax til framkvæmdastjórnar þannig að tryggt sé að bókhald félagsins endurspegli rauntíma stöðu.

Formaður handknattleiksdeildar lýsti óánægju með að nýr keppnisbúningur verður ekki tilbúinn í upphafi keppnistímabils, heldur í fyrsta lagi í október og óskaði eftir skýringum þar sem sú staða kemur deildinni í vandræði og veldur verulegum kostnaði. Framkvæmdastjóra Umf. Selfoss falið að leita upplýsinga og tryggja að staðið verði við skuldbindingar varðandi keppnisbúninga.

**Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð samþykkt. Fundi slitið kl. 19:00.  
Gissur Jónsson ritaði fundargerð.**